

---

# NETLEIT

Þegar leitað er á neti er auðvitað mikilvægt að vera viss um að hverju er verið að leita. Er verið að leita að fyrirtæki, sögulegri heimild eða kannski að gisti- stað erlendis? Nauðsynlegt er að vita hvernig er best að leita hverju sinni. Margar mismunandi leitarvélur eru til sem að leita í mismunandi gagnagrunnum út frá mismunandi aðferðum og má nefna:

<http://leit.is> leit.is

<http://www.google.com> Google

<http://www.crawler.com> Crawler

<http://hotbot.lycos.com> HotBot

<http://www.yahoo.com> Yahoo

<http://www.alltheweb.com> Fast Search

<http://www.altavista.com/> AltaVista

## Fjórir helstu möguleikarnir við leit á Netinu eru:

1. **Leita í lýsigögnum** (metadata) en lýsigögn eru í raun lýsing á öðrum gögnum þar sem notuð eru ákveðin stikkorð eða stuttar setningar til að lýsa gögnum og flokka þau. Hér má nefna að leitarvél eins og Meta-Crawler leitar eftir stikkorðum í mörgum leitarvélum samtímis.
2. **Leita á netinu með leitarvélum** er kannski algengasta leitin og það sem er oftast átt við þegar verið er að tala um leit á Netinu. Til er aragrúi af leitarvélum sem sumar sérhæfa sig í ákveðnum efnisflokkum og leita í mismunandi gagnasöfnum. Til að ná góðum árangri þarf að skilgreina leitarorðið vel og leita í fleiri en einni leitarvél. Flestum leitarvélum fylgir hjálp sem gott er að skoða ef leit gengur illa en nokkur atriði eru sameiginleg flestum leitarvélum:
  - + er sett á milli orða sem eiga bæði að vera á síðunni sem leitað er að.
  - er sett fyrir framan orð sem á ekki að vera á síðunni sem leitað er að.
  - AND hefur sömu áhrif og að setja + á milli orða
  - OR er notað þegar leita á að síðum sem þar sem annað hvort orðið kemur fyrir.

---

NEAR er notað þegar orð eiga að standa nálægt hvort öðru á síðunni sem leitað er að.

3. **Leita í stórum vef** þar sem boðið er upp á leitarvél sem leitar innan vefjarins. Þetta getur verið mjög hentugt þegar um er að ræða vefi með miklu magni af upplýsingum á mörgum undirsíðum. Mörg fyrirtæki og stofnanir bjóða upp á þetta og að sjálfsögðu allir gagnabankar.
4. **Leit á vefsíðu** er síðsta þrepið í Netleit. Þegar fundin er vefsíða sem á að innhalda þær upplýsingar sem leitað er að þá þarf að lokum að finna upplýsingarnar á sjálfri síðunni. Oft er það einfalt mál en hægt að nota leitarmöguleika (Find/View) ef síðan er löng en einnig er hægt að afrita textann yfir í ritvinnsluforrit og nota leitarmöguleika (Edit/Find) þar til að finna það sem leitað er eftir.

Eitt hefur ekki verið nefnt hér en það er *veftré* sem að er nauðsynlegt að fylgi stóru vefjum. Veftré sýnir á myndrænan hátt uppbyggingu vefjarins og hvar notandinn er staddur hverju sinni. Þetta er mjög þægilegt og varnar því að notandinn villist um flókna og efnismikla vefi.

Netleit er mikið notuð af kennurum og nemendum og er því miður oft tímafrek. Ein aðalástæðan er að *leitarorðið* er ekki nógu vel skilgreint og möguleikar leitarvéla ekki nýttir en einnig er ástæðan oft að mikið er af illa unnum upplýsingum á Netinu. Leitarvélar koma því oft upp með síður sem innihalda leitarorðið en kannski lítið annað gagnlegt efni sem tengist efninu sem leitað er að.

Kennari sem ætlar að láta nemendur leita á Netinu þarf að leiðbeina nemendum um val á leitarorði og láta þá undirbúa leitina vel en einnig þarf að skrá niðurstöður leitar til að finna aftur góðar síður. Leiðbeina þarf nemendum um mat á síðum, hvernig er hægt að sjá að síða er ábyggileg, eru upplýsingarnar réttar eða var þetta auglýsing? Hér er kjörið tækifæri til að þjálfar nemendur í að draga ályktanir og röstyðja sitt val. Þetta býður upp á óteljandi möguleika á

---

verkefnum fyrir nemendur og í raun er úrvinnsla gagna eitt af miklvægustu verkefnum sem tengjast notkun á Netinu í kennslu.

**Vinnuferli þegar nemendur leita að efni á vef gæti verið eftirfarandi:**

- Hverju ætlum við að leita að? Tveir til fjórir nemendur vinna saman og skilgreina hvaða upplýsingum á að leita að út frá því þema sem gefið er. Gott er að setja upp gátlista yfir þau atriði sem þurfa að vera á góðri síðu.
- Hvað gefur bestu raun? Hópurinn finnur leitarorð eða leitarspurningar út frá gátlistanum.
- Hvar eru bestu upplýsingarnar? Þegar hópurinn hefur komið sér saman um 5-6 leitarorð er farið í tölvu og leitað í nokkrum leitarvélum. Hér er gátlistinn notaður til að flokka síður. Bestu síðurnar eru skráðar með umsögn.
- Hvað fann ég? Nemendur vinna úr þeim upplýsingum sem fengust með leitinni og setja þær fram á því formi sem hentar hverju sinni.
- Að lokum er unnið með sjálfar síðurnar, efni þeirra grandskoðað og nýtt í tenglum við það verkefni sem verið er að vinna.

Þó að undirbúningur virðist hér vera óþarflega mikill þá þarf hann ekki að taka langan tíma og margborgar sig þegar kemur að því að meta þær síður sem finnast á Netinu. Það er nauðsynlegt að kenna nemendum góð vinnubrögð þó að þeir nýti þau ekki alltaf út í ystu æsar.